

Leikskólinn Ugluklettur

Uglukletti 1

310 Borgarnesi



Lýðræðislegt innra mat
í leikskólanum Uglukletti

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: leikskólinn Ugluklettur

Nafn verkefnis: Lýðræðislegt innra mat í leikskólanum Uglukletti

Nafn verkefnastjóra: Elín Friðriksdóttir

Nafn ábyrgðaraðila: Kristín Gísladóttir

Númer og ártal: veturinn 2022-2023

Markmið og tilgangur verkefnisins samkvæmt umsókn

Samkvæmt umsókn verkefnisins var markmið verkefnisins að þróa markvisst og kerfisbundið innra mat fyrir leikskólann með þátttöku barna, foreldra og starfsfólks. Tilgangurinn var að bæta innra mat leikskólans og tvinna það enn betur saman með öðru starfi. Vilji var til að ýta undir virka, lýðræðislega og árangursríka menningu innan skólans þegar kemur að innra mati. Til að ná markmiðunum fékk starfsmannahópurinn tækifæri til að vinna að starfendarannsókn með fræðslu og umræðum um lýðræðislegar matsaðferðir með sérstakri áherslu á virka þátttöku barna í anda lærdómssamfélagsins og umbótamiðaðrar nálgunar. Áætlaður afrakstur verkefnisins var í fyrsta lagi sameiginlegur skilningu starfsfólks og stjórnenda leikskólans á framkvæmd innra mats og hvernig það er samþætt öðru starfi leikskólans.

Leiðir sem nýttar voru til að ná markmiðum umsóknar

Í upphafi var farið yfir alla þá verkferla sem snúa að innra mati leikskólans og hugað að umbótum. Leitað var leiða við að gera niðurstöður innra mats og opinbera birtingu þeirra skýrari og að hægt væri að leita eftir slíkum niðurstöðum á einum stað, t.d. í ársskýrslu. Vilji var til að gera betra skipulag þegar kemur að innra mati og að skráningar færu fram jafnt og þétt yfir veturinn. Einnig var skoðað hvernig einstaka liðir innra matsins geta stutt hvern annan og einfaldað hvernig niðurstöður eru settar fram, s.s. umbótaáætlun, starfsskýrslur og ársskýrslur.

Þeir sérfræðingar sem komu að verkefninu voru Anna Magnea Hreinsdóttir og Karen Rut Gísladóttir en þær sáu t.d. um fræðsluerindi á starfsmannafundum, annars vegar um starfendarannsóknir og hins vegar um virkt nemenda lýðræði, auk þess sem þær veittu

stjórnendum stuðning og ráðgjöf. Stjórnendur leikskólans voru með innlegg um mat á skólastarfinu í Uglukletti og þær fjölbreyttu leiðir sem nýta má í innra mati til greina leikskólastarfið.

Á starfsmannafundi haustið 2022 var lýðræði í skólastarfinu tekið sérstaklega fyrir og greint hvar það kæmi fram og hvar mætti gera betur. Starfsmannahópurinn greindi hvar lýðræði kæmi skýrast fram í starfinu og þá sérstaklega sýn barnanna. Að lokinni greiningu og umræðum varð niðurstaðan sú að í Uglukletti er lýðræði mikið í skólastarfinu og er það einn af styrkleikum starfsins en eitt af þeim markmiðum sem sett voru var að hlusta enn betur á raddir barnanna í daglegu starfi, láta þeirra viðhorf hafa strax áhrif og nýta þannig enn betur virkt nemendalýðræði.

Starfendarannsóknir fengu töluvert rými í umræðunni og farið var yfir hvernig sú aðferðafræði getur gagnast öllum starfsmönnum til að rýna í starf sitt með því að skoða þau gögn sem safnast í skólastarfinu auk þess að safna gögnum um þætti sem viðkomandi vill ígrunda betur. Eftir veturinn kom fram að starfsmenn telja starfendarannsóknir henta starfsháttum skólans mjög vel því sú aðferðafræði vinnur að því að efla fagmennsku hvers og eins auk þess að efla sjálfstraust starfsmanna. Í stefnu skólans kemur fram að í Uglukletti sé stundað framsækið skólastarf og að skólaþróun sé virkur liður í starfinu en starfendarannsóknir eru kjörið verkfæri til þess að halda utan um og efla þess konar þróun.

Helstu hindranir og frávik miðað við upphaflega áætlun

Verkefnið hlaut lægri styrk en sótt var um og því þurfti að aðlaga verkefnið að því. Starfsmannafundum var fækkað frá upprunalegu áætluninni og efni funda dreift öðruvísi. Hins vegar reyndust ekki vera aðrar hindranir eða frávik við vinnslu verkefnisins.

Á miðjum vetri var einni deild bætt við leikskólann og varð við það færsla á starfsfólki milli deilda. Hafði það örlítill áhrif á verkefnið vegna þess að deildastjórar færðust á milli og sinntu því t.d. ekki sömu matsþáttum allan veturinn. Þessi óvænta staða var samt um leið mjög lærdómsríkt því við sáum þætti í ferlinu sem við lærðum af og tækifæri til umbóta.

Niðurstöður verkefnisins og ávinningur fyrir skólastarfið

Verkefnið gekk vel og er ánægja meðal starfsmanna með afrakstur þess. Það að hlusta á raddir barna í daglegu starfi og ígrunda hvað býr að baki skiptir þar höfuð máli þegar kemur að því að iðka virkt nemenda lýðræði. Afar fjölbreyttar leiðir eru til við það að ná fram skoðunum barnanna en í lykilhlutverki er að greina þá rödd sem kemur fram í daglegu starfi og snýr oftast en ekki að óyrtum skilaboðum sem börnin gefa okkur. Með skráningum er t.d. hægt að halda utan um hvaða stöðvar eru vinsælastar og rýna í það hvers vegna það sé. Með þær upplýsingar í höndunum er hægt að hafa áhrif á endurmat skólastarfsins og gera umbætur t.d. á öðrum stöðvum eða stundum dagsins sem hafa ekki verið jafn vinsælar. Þetta er sérstaklega mikilvægt á yngri deildum og meðal barna þar sem þau hafa ekki málþroska eða orðaforða til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Lögð var áhersla á að skapa sameiginlegan skilning meðal starfsfólks á mikilvægi innra mats fyrir þróun starfsins í leikskólanum. Við greiningu á þeim matsaðferðum sem nú þegar er verið að vinna að í skólanum sást hversu miklum gögnum er í raun safnað í skólastarfinu. Hins vegar skiptir höfuð máli að greina gögnin með það fyrir augum að fá betri skilning á ákveðnum þáttum og sjá hvar megi gera umbætur. Verkefnið hefur stutt vel við skipulag innra mats leikskólans og það viðhorf sem er til lýðræðis í skólasamfélaginu og þá sérstaklega til þeirrar nálgunar að ná fram og koma til framkvæmdar þeim hugmyndum sem börn hafa varðandi skólastarfið og eigin upplifun í leikskólanum. Mikil ígrundun á starfsháttum fór fram og meðal niðurstaðna var t.d. að því að starfsmenn Uglukletts séu mjög færir í að lesa í aðstæður og að börnin taka í raun mikinn þátt í því að móta starfið.


Í gegnum ígrundun á eigin starfsháttum hefur starfsfólk skerpt á og tileinkað sér faglegri vinnubrögð auk þess að búa til skipulag sem snýr að innra mati, skráningu og utan um hald um starfshætti. Við gerð þessa verkefnis gerði fólk allskyns tilraunir í starfi og sá t.d. hvernig hægt er að nýta mismunandi skráningar til að læra um eigin starfshætti. Fólk varð meðvitaðra, horfði öðruvísi á hlutina og sáum mikilvægi þess að lesa allar þær upplýsingar sem hægt er úr þeim gögnum sem er safnað. Það varð meiri þekking í starfsmannahópnum, bæði hvað varðar innra mat og lýðræðisleg vinnubrögð. Í endurmati á verkefninu kom fram að fólk taldi sig hafa lært einna mest af því að heyra hvað hinir væru að gera og ígrunda hlutina saman, í gegnum jafningjastuðning. Hvað umbætur varðar þarf að ýta enn frekar undir að starfsfólk nýti umræður og samstarf til starfsþróunar t.d. í undirbúningtímum og í samstarfi deildastjóra.

Í verkefninu voru þróaðar leiðir til að styðja við og byggja upp innra mat sem er unnið jafnt og þétt yfir skólaárið. Skerpt var á þáttum eins og 5 ára matsáætlun, matsáætlun vetrarins, matsteymi og erindisbréf fyrir matsteymi. Margar leiðir og matstæki eru notuð t.d. til að ná fram sjónarmiðum barna en dæmi um matstæki eru ljósmyndaskráningar, ferilmöppur, TRAS, námsáætlanir og tengslakannanir. Í leikskólanum eru gerðar allskyns skráningar en vilji er til að nýta enn betur þær skráningar sem gerðar eru og lesa meira í það hvað þær segja um starfið og hvern einstakling.

Það að fara í gegnum það ferli sem verkefni sem þetta býður upp á er mikilvægt til að gera sér grein fyrir mikilvægi innra mats í leikskólastarfi. Starfsmenn í Uglukletti vilja stuðla og standa að sífelldri skólaþróun en til þess er nauðsynlegt að öflugt innra mat sé til staðar sem byggir á gögnum hvers og eins á eigin starfi. Með því að skoða slík gögn er hægt að draga ályktanir um starfið og framgang þess. Á sama hátt er mikilvægt að ígrunda önnur þau gögn sem eru til staðar og rýna í hvaða upplýsingar þau gefa. Með þær upplýsingar í höndunum er hægt að ræða hvernig best sé að stuðla að umbótum. Til að halda utan um þær er svo gerð umbótaáætlun þar sem fram kemur að hverju eigi að vinna, hvert markmiðið sé, tímarammi, þátttakendur, matstæki og viðmið.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Áætlað er að kynna niðurstöður verkefnisins á Menntakviku haustið 2023 auk þess sem stjórnendur áætla að skrifa grein um ferlið og niðurstöður verkefnisins ásamt þeim sérfræðingum sem að verkefninu komu.



Elín Friðriksdóttir

Verkefnastjóri



Kristín Gísladóttir

Ábyrgðarmaður verkefnis